

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Biðskylda á Arngrímsgötu á mótum Guðbrandsgötu og á mótum Arngrímsgötu og Brynjólfsgötu.  
Ákvörðun þessi tekur gildi 1. mars 1997.
2. Hægri beygja verði bönnuð úr Pósthússtræti í Hafnarstræti, nema fyrir leigubíla.  
Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.
3. Langirimi verði lokaður við hús nr. 21, nema fyrir SVR, lögreglu, sjúkra- og slökkvilið.  
Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. febrúar 1997.*

Böðvar Bragason,  
e.u.  
Sturla Þórðarson.

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

1. gr.

3. málslíður 5. gr. orðist svo: Verðmæstastuðull fyrir úthafskarfa skal í þessu sambandi vera 67% af verðmæstastuðli þess karfa, sem úthlutað er með stoð í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Í stað „18. febrúar“ í 2. málslíð 6. gr. komi: 25. febrúar.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. febrúar 1997.*

F. h. r.  
Árni Kolbeinsson.

*Jón B. Jónasson.*